

Skýrsla Sjálfsbjargar Fjallabyggð fyrir 2020

Starf Sjálfsbjargar hófst með hefðbundnum hætti eins og önnur ár. Á sólardegi okkar Siglfirðinga sem er 28.janúar, höfum við haft þann sið að baka pönnukökur og selja til fyrirtækja og annarra sem droppa inn af götuni. Þetta eru tveir góðir dagar sem fara í þetta. Þetta er erfitt en gaman og tækist ekki nema með góðum og duglegum hóp. Svo rann öskudagurinn upp, það kom hópur barna til að syngja fyrir okkur og það var alveg yndislegt. Síðan vegna covid þurftum við að loka nokkrum sinnum, frá miðjum mars til um miðjan maí, aftur 10. okt til 5.des og svo 19.des fram yfir áramót.

Við höldum þrjá stjórnarfundir og helsta umræðan var ástandið og hvað við gætum haft opið. Þó það hafi verið lokað megnið af árinu hjá okkur fengum við 2000 gesti.

Á árinu misstum við einn féлага, blessuð sé minning hennar.

Fyrir hönd Sjálfsbjargar Fjallabyggð

Formaður Hafdís Eyland Gísladóttir